

Ályktun félagsforingjafundar 8.apríl 2024.

Uppgjör vegna Jamboree ferðar 2023 til Suður Kóreu var kynnt félagsforingjum og öðru stjórnarfólki, 1-2 aðilum frá hverju félagi. Félögunum gáfust færi á að hlusta á framsögur fararstjóra, fjármálastjóra, framkvæmdastjóra og stjórn BÍS ásamt því gafst félögunum færi á að spyrja alla aðila spurninga. Eftir umræður, spurningar og samtal innan skátafélaga var niðurstaða fundarins þrjúþætt. Í fyrsta lagi að sá kostnaður sem var bókaður á ferðina, þar með talið umsýslugjald BÍS, sálfræðikostnaður og kostnaður vegna fellibyls telst réttilega bókfærður sem kostnaður við ferðina. Í öðru lagi að óráðstafaður kostnaður ætti í megin atriðum einnig að teljast sem kostnaður ferðarinnar, þó með þeim hætti að launakostnaður starfsmanns WSJ23 frá jan til sept 2023 þarfnaðist lagfæringar með hliðsjón af því hlutfalli sem starfsmaður í raun innti af hendi vegna vinnu í undirbúningi og framkvæmd ferðarinnar. Í þriðja lagi er það ályktun fundarins að ekki ætti að endurgreiða né að krefja þátttakendur um frekari greiðslur vegna ferðarinnar.

Við þökkum fararstjórum, sveitarforingjum, IST liðum, stjórn og starfsmönnum BÍS og öllum þeim sem komu að ferðinni og lögðu ómælda vinnu og fyrirhöfn í undirbúning og framkvæmd kærlega fyrir þeirra óeigingjarna starf.

Við leggjum einnig til að stjórn BÍS ákveði verklag vegna ferða á erlend skátamót, þar með talið fjárhagsáætlun og ráðstöfun mismunar af fjárhagsáætlun og raunkostnaðar.

Skátafélagið Fossbúar	Selfossi
Skátafélagið Garðbúar	Reykjavík
Skátafélagið Heiðabúar	Reykjanesbæ
Skátafélagið Hraunbúar	Hafnarfirði
Skátafélagið Landnemar	Reykjavík
Skátafélagið Mosverjar	Mosfellsbæ
Skátafélag Akraness	Akranesi
Skátafélagið Skjöldungar	Reykjavík
Skátafélagið Strókur	Hveragerði
Skátafélagið Svanir	Álftanesi
Skátafélagið Vífill	Garðabæ
Skátafélagið Ægisbúar	Reykjavík

Árbúar sitja hjá vegna hagsmunaárekstra

Vogabúar sitja hjá

Klakkur situr hjá

Skátafélagið Kópar áttu ekki fulltrúa á fundinum en styðja niðurstöðu hans